

Sigurjón Arason prófessor og yfirverkfræðingur fékk viðurkenningu:

Í forystu um árabíl

Sigurjón Arason prófessor og yfirverkfræðingur hjá Mátis hlýtur sérstaka viðurkenningu Íslenska sjávarklasans fyrir framlag hans til aukinnar verðmættasköpunar í íslenskum sjávarútvegi.

Sigurjón hefur haft forystu um ýmsar rannsóknir og þróun í vinnslu sjávarafurða undanfarna þrjú áratugi og hefur haft forystu um margháttaðar framfarir í vinnslu sem skilað hafa verulegum ábata fyrir íslenskt þjóðarþétt. Þá hefur Sigurjón þjálfað og kennt þúsundunum einstaklinga í sjávarútvegi og áframvinnslu m.a. á vettvangi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri.

Á undanförunum áratugum hefur orðið gríðarleg verðmætaaukning í íslenskum sjávarútvegi þrátt fyrir minnkandi aflaheimildir. Samkvæmt athugun Íslenska sjávarklasans á verðmætaaukningu í sjávarútvegi kemur í ljós að þrátt fyrir að afli útgerða hafi minnkað úr 460.000 tonnum í 180.000 tonn milli árana 1981 og 2011, tvöfaldaðist útflutningsverðmætið hins vegar. Þá aukningu má þakka stór-

bættri nýtingu hráefnis þar sem framleiðslan fór að snúast frekar um gæði en magn.

Í uppsjávarveidum hefur einnig átt sér stað gríðarleg verðmætaaukning. Aflavermæti makrils hefur aukist um 10-15 milljarða undanfarna ár. Árið 2007 fóru 5% til mannelis en 95% til bræðslu, nú hefur kúvending orðið og hlutfallið sem notað er til mannelis er komið í 90%.

Í þeim dæmum, sem hér eru rakin, hafa stofnanir á borð við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og síðar Mátis og það rannsóknar- og þróunarfólk sem þar er innanbúðar haft mikið að segja. Þar hefur Sigurjón verið í forystu um árabíl. Starf Sigurjóns hefur hvílt á þessu ómetanlega baklandi öflugra rannsóknarstofnanna. Þessi viðurkenning til Sigurjóns Arasonar er ekki síður hugsuð sem stuðningur við það starf sem unnið er á vettvangi rannsóknarstofnanna á borð við Mátis.

Þessi þróun hefur haldið áfram síðustu ár, en eigi svo að vera um ókomna framtíð er ljóst að nýsköpun í sjávarútvegi og tæknigreinum honum tengdum þarf að hjarna

verulega við. Þessi viðurkenning er ekki síður hugsuð sem hvatning til íslensks sjávarútvegs um að stefna enn hærra í nýtingu afurða og gæðamálum. Þar er enn verk að vinna þótt Íslendingar séu í fararbroddi í nýtingu og gæðum. Enn má gera betur í að auka þekkingu á nýtingu afla, bæta geymslu og kælingu á afurðinni og gera meiri verðmæti úr aukaafurðunum með því að fullvinna þær fyrir m.a. heilsu-bótar- og lyfjajafnað.

Hugmyndafræði klasa eins og Íslenska sjávarklasans er að tengja saman fólk og fyrirtæki svo úr verði ný þekking og meiri verðmæti. Sigurjón Arason hefur á margan hátt leitt álíka hugmyndafræði um áratugaskeið og leitt saman útgerðir og rannsóknar- og þróunarfólk og skapað þannig nýja þekkingu.

Rannsóknarsjóður síldarútvegsins hefur ákveðið að veita árlega styrk til nemanda sem stunda nám eða rannsóknir sem tengjast verkefnum sjóðsins og verður styrkurinn veittur í nafni Sigurjóns. Stefnit er að því að styrkurinn verði fyrst veittur seinna á þessu ári.



» Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, afhenti Sigurjóni viðurkenninguna og fór lauslega yfir framlag Sigurjóns yfir framlag til verðmætaaukningar.



» Sigurjón Arason ásamt fyrrum nemendum sínum, þeim Hlyni Valgeirssyni, Kristínu Önnu Þórarinsdóttur, Birni Margeirssyni og Sveini Margeirssyni.





» Sigurjón Arason þakkaði fyrir sig og sagði að alla frampróun megi rekja til samstarfs margra, vísindamanna sem og þeirra sem starfa í og við sjávarútveg.